

## Athugasemdir vegna draga að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Reglugerðin er þörf, tímabær og mikilvæg til þess að vel verði farið með landgæði.

Í lögnum eru útvíst og útsýni talin upp ásamt öðru sem vistkerfisþjónusta (1.gr.j.) Í reglugerðinni þarf að fylgja þeirri hugsun eftir enda eru þessi gæði bæði undirstaða lýðheislu þjóðarinnar og stærsta atvinnuvegar hennar, ferðaþjónustunnar.

Einnig er ánægjulegt að sett er fram tímasett áætlun um sjálfbæra nýtingu beitarlands, en hún þarf að vera metnaðarfullri en það sem sett er fram í þessum drögum.

Hér að neðan eru athugasemdir og tillögur til úrbóta á einstökum greinum:

3. gr. liður 1.: Í greininni eru fram taldar “...plöntur sem nýttar eru til iðnaðar...” Væntanlega er hér þó ekki átt við skógarplöntur eða skógrækt, en til að það sé skýrt er rétt að undanskilja skógrækt sérstaklega, enda gilda um hana sérstök lög.

**Bæta við: “Skógrækt er hér undanskilin.”**

3. gr. liður 10.: Í þessum lið hafa sjónrænin þættir gleymst, en þeirra er einmitt getið í markmiðum laga um landgræðslu (2018) í 4. gr. lið j. Mikilvægt er að bæta þessu inn í reglugerðina. Þannig gæti seinni málsgrein liðar 10 verið: **“Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, skerðingar útsýnis, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.”**

5. gr. Hér vantar lið þar sem kveðið er á um að nýting rýri ekki sjónræn gæði.

5. gr. liður 7. Hér þarf að kveða fastar að, t.d.: **“Að nýting auki ekki losun gróðurhúsalofttegunda.”**

6. gr. Hér er rétt að bæta við fremst: **“Beitarnýting skal vera sjálfbær.”**

10. gr. Hér virðist einungis fjallað um ósjálfbæra beitarnýtingu og þegar um er að ræða afrétti (oftast þjóðlendur) er fjallskiladeild gerð ábyrg fyrir úrbótum. Ef um aðra ósjálfbæra landnýtingu er að ræða en beit ætti væntanlega að koma til kasta Umhverfisstofnunar eða Vatnajökulsþjóðgarðs, eftir atvikum.

### Viðauki I.

Kafli C, liður 4. Þarna er viðmið sett “Æðplöntuþekja meiri en 20%.” Getur þetta verið? Í liðnum á undan er viðmiðið (fyrir mestallt land) 50%. Hvar á viðmiðið að vera 20%? Eða er þessum lið hreinlega ofaukið?

3. gr. *Innleiðing.*

Hér eru árssett markmið, sem er til fyrirmyndar. Eðlilegt er að hafa sama tíma, 4 ár (eða minna) á milli áfanga. Þannig yrði áfangi II innleiddur 2025 og áfangi 3 árið 2029.

Einnig er eðlilegt að setja lokáfangi með 100% sjálfbærni árið 2033!

#### Viðauki IV.

Í þriðja lið á að bæta við útsýni þar eð það er mikilvægur sjónrænn þáttur, í viðbót við ásýnd lands og landslag.

Í þriðja síðasta lið þarf að kveða fastar að í síðustu orðunum, t.d. “**...og gæta þess að flytja ekki að ágengar tegundir gróðurs og dýra.**”

21. október 2021

Ólafur S. Andrésson, prófessor við líf- og umhverfisvísindadeild H.Í.  
kt. 091051-4519 [osa@hi.is](mailto:osa@hi.is) s. 8642149

Sigrún Helgadóttir, líffræðingur, kennari og rithöfundur  
kt. 220949-7299 [sigrunh@ismennt.is](mailto:sigrunh@ismennt.is) s. 661 7299